

Þarfagreining fyrir nám í flutningafræðum

**Unnið fyrir starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og
flutningsgreina**

desember 2012

Efnisyfirlit

Síða | 2

SAMANTEKT	4
FORMÁLI	5
1. INNGANGUR	6
1.1. GAGNAÖFLUN	6
2. ATVINNUGREIN OG SAMFÉLAG	7
2.1. TÖLFRÆÐI ATVINNUGREINARINNAR	7
2.1.1. FJÖLDI FYRIRTÆKJA Í ATVINNUGREININNI	7
2.1.2. FJÖLDI STARFSMANNA OG MEÐALLAUN Í ATVINNUGREININNI	8
2.2. TÆKIFÆRI OG ÓGNANIR	9
2.3. ÞARFIR FYRIRTÆKJA FYRIR MENNTAÐ VINNUAFL	9
2.3.2. GÆTI NÁM Í FLUTNINGAFRÆÐI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI GAGNAST FYRIRTÆKJUM Í GREININNI OG STARFSMÖNNUM ÞEIRRA ?	11
2.3.3. HVERSU EFTIRSÓKNARVERT YRÐI SLÍKT NÁM Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI FYRIR UNGT FÓLK?	12
2.4. MÖGULEIKAR OG VIÐHORF MENNTAKERFISINS	12
2.4.1. AUKIN ÁHERSLA Á VERK- OG STARFSNÁM	12
2.4.2. AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA 2011	14
2.4.3. BROTTFALL ÚR NÁMI	16
2.4.4. VIÐHORF FRAMHALDSSKÓLANS	17
3. HÆFNI OG HÆFNIKRÖFUR	20
3.1. HÆFNIÐREP	20
3.1.1. GRUNNÞÆTTIR OG LYKILHÆFNI	20
3.1.2. HÆFNIÐREP	20
3.2. HÆFNI STARFSMANNA FLUTNINGAFYRIRTÆKJA	21
3.2.1. NÚVERANDI HÆFNI STARFSMANNA FLUTNINGAFYRIRTÆKJA	21
3.2.2. ÆSKILEG HÆFNI STARFSMANNA FLUTNINGAFYRIRTÆKJA	22
4. NIÐURSTÖÐUR	24
HEIMILDIR	26
VIÐAUKI I – HÆFNIKRÖFUR STARFA Í ÍSLENSKUM FLUTNINGAFYRIRTÆKJUM	28
VÖRUHÚSAÞJÓNUSTA OG HAFNARSTARFSMENN	28
STARFSLÝSING	28
HÆFNIKRÖFUR	28
FARM- OG TOLLSKJALAVINNSLA	30
STARFSLÝSING	30
HÆFNIKRÖFUR	30

ÞJÓNUSTUFULLTRÚAR	32
STARFSLÝSING	32
HÆFNIKRÖFUR	32
PÓST- OG BLAÐBERAR	34
STARFSLÝSING	34
HÆFNIKRÖFUR	34
BÍLSTJÓRAR	35
STARFSLÝSING	35
HÆFNIKRÖFUR	35

SAMANTEKT

Síða | 4

Greining þessi er unnin fyrir starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina en hlutverk starfsgreinaráða er að vera ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Skoðaðar voru þarfir greinarinnar á sviði menntunar og fræðslu með það að markmiði að koma á námi í flutningafræðum á framhaldsskólastigi. Greiningin er miðuð við störf sem tengjast flutningum á landi, flutningum á sjó, vörugemymslu og stoðstarfsemi fyrir flutninga og póst- og boðberaþjónustu.

Helstu niðurstöður eru þær að fjölbreytta hæfni þarf til að sinna ofangreindum störfum og víða má bæta þá hæfni. Störf í flutningsgreinum, mikilvægi þeirra og starfsþróunarmöguleikar eru ekki nægilega vel kynnt hér á landi. Tækifæri innan greinarinnar virðast af margvíslegum toga.

Nám í flutningafræðum á framhaldsskólastigi gæti gagnast fyrirtækjum í greininni á margan hátt verði rétt að því staðið. Atvinnuhæfni umsækjenda myndi batna og hæfni aukast. Virði starfanna og virðing fyrir þeim gæti einnig aukist. Það viðhorf kom fram hjá sumum stjórnendum flutningsfyrirtækja að þeir vildu í mörgum tilfellum sjálfir sjá um fræðslu síns starfsfólks en skólakerfið ætti að sjá um almennu menntunina. Stjórnendur fyrirtækja, sem rætt var við, lýstu fyrirtæki sín reiðubúin til að taka við nemendum í starfsnám ef af náminu yrði. Fulltrúar þeirra framhaldsskóla, sem leitað var til, sögðu skólana geta byggt upp slíkt nám að gefnum ákveðnum forsendum.

Evrópusambandið og íslensk stjórnvöld hafa sett fram framtíðarsýn fyrir verknám til ársins 2020. Unnið er að mótun atvinnustefnu á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og þar er lagt til að sérstaklega verði hugað að tengingu atvinnulífs og menntastofnana. Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 býður upp á fjölbreyttari leiðir í námi og námslokum en áður hefur verið. Nám í flutningafræðum á framhaldsskólastigi gæti fjölgað möguleikum fyrir þá sem fallið hafa úr námi, þá sem ekki hafa fundið nám við hæfi í framhaldsskólum og þá sem hafa unnið í greininni en ekki lokið neinu formlegu námi. Gefa þarf nemendum kost á að ljúka námi af námsbrautum sem skilgreindar eru á ólík hæfniprep. Gott samstarf milli skóla og atvinnulífs um slíkt nám og góð kynning á því er afar mikilvægt. Fyrirtækin þurfa að vera tilbúin til þess að ráða fólk með viðkomandi menntun og sjá til þess að það njóti þess í launum.

FORMÁLI

Síða | 5

Greining þessi er unnin á vegum Attentus – mannauður og ráðgjöf fyrir starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina. Höfundar skýrslunnar eru Árný Elíasdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir. Skýrsluhöfundar þakka fulltrúum í starfsgreinaráðinu, stjórnendum og starfsfólki þeirra fyrirtækja og framhaldsskóla, sem haft var samband við, ásamt starfsmönnum mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir aðstoð við gagnaöflun og samstarf meðan á greiningunni stóð.

Reykjavík, 15. desember 2012

Árný Elíasdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir

1. INNGANGUR

Síða | 6

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir því verkefni að greina þarfir flutningsgreina á sviði menntunar og fræðslu með það að markmiði að koma á námi í flutningafræðum á framhaldsskólastigi. Verkefnið er unnið fyrir starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina. Hlutverk starfsgreinaráða er skv. lögum um framhaldsskóla að vera ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi.¹ Í ráðinu eiga sæti sjö fulltrúar, þrír tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, tveir af Samtökum atvinnulífsins, einn tilnefndur af Búlgreinasambandinu og einn fulltrúi er tilnefndur sameiginlega af Félagi íslenskra framhaldsskóla og Kennarasambandi Íslands.

Í skýrslu þessari er í upphafi greint frá gagnaöflun og aðferðum við greiningu. Síðan er sagt frá greiningunni og niðurstöðum hennar auk viðauka um hæfniviðmið í störfum innan samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina þar sem nám í flutningafræðum á framhaldsskólastigi gæti gagnast.

1.1. GAGNAÖFLUN

Greiningin byggir á þeirri aðferðafræði við þarfagreiningu að greina þarfir atvinnugreinar og samfélags, starfsins og einstaklingsins. Meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar eru lög um framhaldsskóla 2008, aðalnámskrá framhaldsskóla 2011, skýrslur um greinina, starfslýsingar frá þremur fyrirtækjum og framtíðarsýn stjórnvalda og Evrópusambands, heimasíður fyrirtækja og skóla auk annarra gagna (sjá heimildaskrá).

Tekin voru viðtöl við þrjá framkvæmdastjóra í þremur flutningafyrirtækjum, fundað með rýnihópum starfsmanna í tveimur fyrirtækjum, fundað var með starfsmannastjórum og fræðslustjórum í fjórum fyrirtækjum, skólameisturum og samstarfsmönnum þeirra í þremur framhaldsskólum og fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis auk funda með starfsgreinaráðinu.

Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til viðfangsefnisins og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem greiningin beindist að.

¹ Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

2. ATVINNUGREIN OG SAMFÉLAG

Síða | 7

Í þessari greiningu er flutningafræði skilgreind sem hluti af atvinnugreininni *flutningur og geymsla* skv. ÍSAT 2008.² Greiningin er miðuð við störf sem tengjast flutningum á landi, flutningum á sjó, vöruheymslu og stoðstarfsemi fyrir flutninga og póst- og boðberaþjónustu, sjá nánar í töflu 1.

Tafla 1. Flutningafræði, eins og hún er skilgreind í greiningu, sem hluti af atvinnugreininni flutningur og geymsla.

Flutningar á landi	Flutningar á sjó	Vöruheymsla og stoðstarfsemi fyrir flutninga	Póst- og boðberaþjónusta
Farþegaflutningar á landi: <ul style="list-style-type: none"> Innanbæjar og í úthverfum Aðrir farþegaflutningar á landi 	Millilanda- og strandsiglingar með farþega (að undanskilinni siglingunni)	Þjónustustarfsemi tengd flutningum á landi	Almenn pósthjónusta
Vöruflutningar á vegum: <ul style="list-style-type: none"> Akstur sendibíla Akstur vörubíla Aðrir vöruflutningar á vegum 	Millilanda- og strandsiglingar með vörur (að undanskilinni siglingunni)	Þjónustustarfsemi tengd flutningum á sjó og vatni	Önnur póst- og boðberaþjónusta
Flutningsþjónusta	Störf á hafnarsvæði	Vöruafgreiðsla vöruheymsla Önnur þjónusta tengd flutningum	

2.1. TÖLFRÆÐI ATVINNUGREINARINNAR

2.1.1. Fjöldi fyrirtækja í atvinnugreininni

Tafla 2 sýnir fjölda skráðra fyrirtækja og félaga samkvæmt ríkisskattstjóra og endurspeglar því ekki fjölda fyrirtækja í atvinnugreininni *samgöngur og flutningar* en gefur ákveðna vísbendingu um fjölda.

² Hagstofa Íslands: ÍSAT 95.

Tafla 2. Fjöldi fyrirtækja og félaga eftir atvinnugreinum 2008 – 2011.³

Atvinnugrein	Fjöldi fyrirtækja og félaga*
Almenn pósthjónusta	3
Akstur vörubíla	135
Akstur sendibíla	186
Flutningahjónusta	45
Aðrir vöruflutningar á vegum	120
Millilanda- og strandsiglingar með farþega	14
Millilanda- og strandsiglingar með vörur	19
Vöruheymsla	21
Vöruafgreiðsla	19
Hjónustustarfsemi tengd flutningum á landi	53
Hjónustustarfsemi tengd flutningum á sjó og vatnaleiðum	94
Önnur póst- og boðberahjónusta	21
Önnur hjónusta tengd flutningum	38

* Flokkað samkvæmt ÍSAT2008 atvinnugreinaflokkun. Taflan sýnir fjölda skráðra fyrirtækja og félaga samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og endurspeglar því ekki fjölda fyrirtækja í atvinnustarfsemi. Taflan sýnir ekki upplýsingar um fjölmarga einstaklinga í atvinnurekstri.

2.1.2. Fjöldi starfsmanna og meðallaun í atvinnugreininni

Fjöldi starfsmanna í atvinnugreininni *samgöngur og flutningar*⁴ árið 2011 voru 11.300 eða 6.8% af starfsmönnum á vinnumarkaði. Þar af voru 7600 karlar eða 67,25% af starfsmönnum í atvinnugreininni.⁵

Meðaltal heildarlauna á mánuði í greininni árið 2011 var kr. 437.000.⁶ Tafla 3 sýnir meðaltal heildarlauna í samgöngum og flutningum, iðnaði, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, verslun og ýmissi viðgerðarhjónustu og fjármálahjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingarstarfsemi. Þar kemur fram að meðaltal heildarlauna á mánuði í samgöngum og flutningum er næst lægst samanboreið við þessa flokka.

3 Hagstofa Íslands: Fjöldi fyrirtækja og félaga eftir atvinnugreinum 2008 – 2011.

4 Frekari flokkun innan greinarinnar ekki aðgengileg hjá Hagstofu Íslands.

5 Hagstofa Íslands: Starfandi eftir atvinnugreinum, kyni og búsetu 2008-2011, ÍSAT2008.

6 Hagstofa Íslands: Laun fullvinnandi launamanna á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein og kyni 1998-2011.

Tafla 3. Meðaltal heildarlauna á mánuði árið 2011 í þúsundum.

Atvinnugrein	Meðaltal heildarlauna á mánuði árið 2011 í þús.
Samgöngur og flutningar	437
Iðnaður	463
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	523
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	425
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	582

2.2. TÆKIFÆRI OG ÓGNANIR

Tækifæri innan greinarinnar virðast af margvíslegum toga. Þar má nefna enn frekari rafræna þróun og tækninýjungar í flutningum sem leiða m.a. til þess að gera þarf aðrar kröfur til fólks. Þróunin á Íslandi er, að sögn stjórnenda flutningafyrirtækjanna, þó ekki í átt til frekari sérhæfingar og stöðlunar þar sem markaðurinn er smár. Tækifæri liggja einnig í auknum farþegaflutningum í ferðaþjónustu og umferð skipa um Norður-Atlantshaf. Sjávarklasinn⁷ vinnur t.d. að verkefni um að auka sölu til skemmtiferðaskipa og þjónustu við þau. Verkefnið er unnið í samvinnu við ýmis innlend fyrirtæki eins og hafnir, flutningsmiðlara og iðnfyrirtæki. Markmið þess er að gera Ísland að þjónustumiðstöð fyrir skip í Norður - Atlantshafi.⁸ Þá kom einnig fram hjá fulltrúum í starfsgreinaráðinu að aukin samskipti íslenskra fyrirtækja við Grænland gætu aukið umsvif greinarinnar.

Á fundum og í rýnihópum kom fram að margir viðmælendur töldu að flutningsgreinin, mikilvægi hennar fyrir lífsskilyrði og efnahag þjóðarinnar og sú staðreynd að starfsemin væri alþjóðleg, væri ekki nægilega vel kynnt hér á landi. Mikilvægt væri að huga betur að þeim þætti, t.d. í skólakerfinu.

2.3. ÞARFIR FYRIRTÆKJA FYRIR MENNTAÐ VINNUAFL

Í viðtölum við stjórnendur og starfsmenn flutningafyrirtækja komu fram skiptar skoðanir á hverjar væru þarfir fyrirtækjanna fyrir menntað vinnuafli. Viss þróun sé hins

⁷ Sjávarklasinn: Samstarfsvettvangur fjölmargra fyrirtækja.

⁸ Sjávarklasinn: Skoðun Sjávarklasans 23 . október 2012.

vegar að verða innan greinarinnar sem muni gera aðrar kröfur til fólks. Fram kom að í mörgum störfum hefði þróunin orðið sú að háskólamenntun væri víða æskileg. Yfirleitt væri munur á vinnubrögðum eftir menntunarstigi, m.a. í skipulagningu og hæfni til að afla sér upplýsinga um nýja hluti, s.s. vinnuferli og kerfi.

Síða | 10

Í rýnihópi starfsmanna- og fræðslustjóra kom fram sú skoðun að starfsfólk, sem hafi lokið einhverju námi og sé komið með starfsreynslu, hafi oft annað viðhorf til starfsins en þeir sem ekki hafi lokið námi. Það sé oft tilbúnara til að taka að sér verkefni og að sækja í önnur störf. En einnig voru nefnd dæmi um einstaklinga sem eru ekki með mikla menntun en engu að síður hæfir og duglegir og fram kom að sum störf krefðust ekki mikillar menntunar. Hins vegar væri líklegt að ef umsækjandi gæti sýnt fram á að hafa lokið ákveðnu námi sem tengdist flutningafræðum væru meiri líkur á að hann yrði ráðinn svo framarlega sem önnur hæfni hans væri fullnægjandi. Ekki væri þó alltaf endilega verið að horfa á menntun umsækjanda heldur hæfnina.

Viðhorf flutningasviðs *Samtaka verslunar og þjónustu* til fræðslu og menntunar innan flutningageirans má finna í eftirfarandi orðum forstöðumanns flutningasviðsins sem birtist í skýrslunni *Greining á hæfni starfsmanna í íslenskum þjónustufyrirtækjum*:⁹

Flutningasvið SVP hefur lagt mikla áherslu á fræðslu um atvinnugreinina annars vegar og mikilvægi hennar fyrir samfélagið allt og hins vegar á menntun fyrir atvinnugreinina sjálfa. Það er augljóslega mjög eftirsóknarvert fyrir flutningagreinina að auka fagþekkingu starfsmanna flutningafyrirtækjanna og efla menntun þeirra og þekkingu inn á við. Það eflir atvinnugreinina og gerir hana sterkari í samkeppni við aðrar atvinnugreinar.

2.3.1. Menntun starfsmanna flutningageirans

Ekki er krafist sérstakrar menntunar þeirra sem sinna almennri póst- og boðberaþjónustu, almennum vöruhúsastörfum og hafnarstörfum utan bílprófs og/eða sérhæfðs prófs á vinnuvélar fyrir þá sem sinna akstri. Þeir sem sinna þessum störfum hjá þeim flutningafyrirtækjum sem rætt var við í greiningunni hafa mjög mismunandi menntunarbakgrunn eða allt frá því að hafa ekki lokið grunnskólaprófi og til þess að hafa lokið háskólamenntun. Nokkuð er um að nemendur stundi störfin tímabundið í hléi frá námi. Sumir flengjast og þróast í starfi innan fyrirtækisins en öll fyrirtækin sem skoðuð

9 Emil B. Karlsson, Björn Garðarsson og Vilmar Pétursson, 2010:20.

voru sinna öflugri innanhússþjálfun og fræðslu, sum með e.k. skóla eða vottuðu námsferli.

Síða | 11

Í öðrum störfum, s.s. farmskjalavinnslu, skráningarvinnu, vinnu í upplýsingakerfum, sölu og viðskiptaþjónustu, er menntunarbakgrunnur einnig mismunandi, allt frá því að starfsmenn hafi lokið einingum í framhaldsskóla og til þess að þeir hafi háskólamenntun. Að sögn stjórnenda er töluvert um innanhússráðningar þar sem starfsþróun hefur átt sér stað innan fyrirtækisins. Oft sé það reynsla af starfsmanninum, persónuleiki hans og víðsýni sem ráði umfram menntun. „Hjá okkur leitum við að ákveðnum eiginleikum en ekki sérhæfðri þekkingu á flutningabransanum.“

2.3.2. Gæti nám í flutningafræðum á framhaldsskólastigi gagnast fyrirtækjum í greininni og starfsmönnum þeirra ?

Stjórnendur og starfsfólk fyrirtækjanna voru spurð hvort nám í flutningafræðum á framhaldsskólastigi gæti gagnast fyrirtækinu og starfsmönnum þess og þá hvernig. Almennt var viðhorfið það að námið gæti gagnast að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þá myndi atvinnuhæfni umsækjenda batna. Það viðhorf kom fram hjá sumum stjórnendum fyrirtækjanna að þeir vildu í mörgum tilfellum sjá um að þjálfar og fræða sitt starfsfólk en skólakerfið ætti að sjá um almennu menntunina þannig að starfsmenn kæmu til starfa með góða almenna menntun, s.s. tölvu- og tungumálakunnáttu, og gott sjálfstraust. Ekki væri víst að fyrirtækin myndu endilega senda sína starfsmenn í slíkt nám í framhaldsskóla.

Í rýnihópum starfsmanna var það viðhorf algengt að fólk færi yfirleitt ekki af ásetningu í vinnu hjá flutningafyrirtækjum í störf sem ekki gerðu sérstakar menntunarkröfur. „Veit það ekki, þetta er vinna sem maður lendir óvart í og fílar svo, ekki gerðar miklar menntunarkröfur en miklar getukröfur.“

Hjá bæði stjórnendum og starfsmönnum kom fram að ef til slíks náms kæmi þyrfti verulegur hluti þess að vera starfsnám á vinnustað. „Erum með mikla reynslu innanhúss. Mikilvægt að hægt sé að praktisera það sem er kennt.“ Þeir stjórnendur sem rætt var við lýstu fyrirtæki sín reiðubúin til að taka við nemendum ef af náminu yrði. Þá kom líka fram, bæði hjá stjórnendum og starfsmönnum, að störf í geiranum þyrfti að kynna mun betur fyrir grunnskólanemendum.

2.3.3. Hversu eftirsóknarvert yrði slíkt nám á framhaldsskólastigi fyrir ungt fólk?

Skiptar skoðanir voru meðal starfsmanna og stjórnenda um hversu eftirsóknarvert slíkt nám væri fyrir ungt fólk. Máli skipti hvernig námið yrði byggt upp. Það viðhorf var algengt hjá starfsmönnum að ef nám í flutningafræðum væri í boði yrðu störfin meira metin og því væri hægt að semja um hærri laun. Eins gæti námið verið eftirsóknarvert fyrir þá sem eru fyrir í greininni. „Ég er nýbúinn að klára stúdentinn. Ef þetta hefði verið í boði, að ná í stúdentinn í gegnum flutningafræði þá hefði ég valið það. Hefur alltaf vantað að reynsla í starfi sé metin inn í skóla. Það er ekki fyrir alla að sitja á námsbekk.“ Í þessum orðum endurspeglar það viðhorf að reynsla í starfi fáið metin inn í formlegt nám með e.k. raunfærnimati.¹⁰ Það viðhorf kom fram hjá mörgum að nemendur í framhaldsskóla hugsi ekki um að starf í flutningageiranum sé eitthvað fyrir þá. Það gerðist frekar þegar þeir væru byrjaðir að vinna í slíku starfi. „Vissi ekki að það væru svona fjölbreytt störf hér.“

Stjórnendur og starfsfólk töldu mikilvægt að afstaða í samfélaginu til flutningageirans yrði jákvæðari og geirinn þyrfti því að kynna sig betur. Það viðhorf kom og fram að ekki ætti að einskorða slíkt nám við flutningafyrirtæki heldur tengja það einnig innkaupum og verslun. Þá væri mikilvægt að kynna vel hvaða möguleikar væru í framhaldi af slíku námi m.t.t. til starfa og menntunar. Einnig var spurt hverju námið ætti að bæta við umfram það sem almennt er kennt á framhaldsskólastigi nú.

2.4. MÖGULEIKAR OG VIÐHORF MENNTAKERFISINS

Hér á eftir verður fjallað um möguleika á námi í flutningafræðum í íslenskum framhaldsskólum og háskólum ásamt viðhorfi framhaldsskólans gagnvart því. Ennfremur verður fjallað um aðra þætti sem hafa áhrif á möguleika til náms, s.s. brottfall.

2.4.1. Aukin áhersla á verk- og starfsnám

Við þróun námsframboðs leggur mennta- og menningarmálaráðuneytið áherslu á að nemendum gefist kostur á að ljúka námi af námsbrautum sem skilgreindar eru á ólík hæfniþrep. Enn fremur er lögð áhersla á að nemendur sem ljúka námi á fyrstu þrepum framhaldsskólans gefist kostur á áframhaldandi námi.¹¹

10 „Mat á raunfærni byggist á þeirri hugmynd að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur við alls konar aðstæður og í alls konar samhengi.“ Úr bæklingi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins Raunfærni og raunfærnimat.

11 Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: 47.

Evrópusambandið hefur sett fram hnattræna sýn fyrir verknám og þjálfun (*e. Vocational education and training*) til ársins 2020. Þar er tekið fram að árið 2020 eigi verknám og þjálfun að vera meira aðlaðandi, viðeigandi, starfsmiðuð, frumleg, aðgengileg og sveigjanleg. Miðlægt sýninni er að árið 2020 verði í boði verknám og þjálfun sem sé nútímaleg og höfði bæði til nemenda og kennara þeirra. Þörf sé á að allir aðilar námsins hafi tiltrú á náminu og geti gengið að því sem vísu að nemendur öðlist hæfni og þekkingu sem nýtist strax í starfi. Ennfremur er tekið fram mikilvægi þess að námið feli í sér samráð við atvinnurekendur sem stuðli að víðari hæfni og þekkingu ásamt því að höfða meira til nemenda sem heillast ekki af bóklegu námi og þar með koma í veg fyrir brottfall¹².

Markmið sóknaráætlunar ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur 20/20 er að „hlutfall Íslendinga á aldrinum 20 - 66 ára sem ekki hafa hlotið formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020.“¹³ Þar segir að fjölga þurfi iðn- og tæknimenntuðu fólki á Íslandi og gera verknám að raunverulegum valkosti í skólakerfinu og að auka þurfi virðingu fyrir verknámi og verkfærni.¹⁴

Í skýrslu forsætisráðuneytisins *Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi*¹⁵ kemur fram að unnið sé að mótun atvinnustefnu á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis á grundvelli stefnumörkunarinnar Ísland 2020 sem samþykkt hefur verið í ríkisstjórn. Þar segir að í stöðuskýrslu um mótun atvinnustefnu sé lagt til að samstarf stjórnvalda, atvinnulífs og annarra úr þekkingarsamfélaginu verði markvissara og „að sérstaklega verði hugað að tengingu atvinnulífs og menntastofnana svo framboð menntaðra einstaklinga mæti þörfum atvinnulífs. Meðal brýnustu verkefna að mati atvinnulífsins eru aukið samstarf atvinnulífs og mennta- og rannsóknastofnana, aukin áhersla á tækninám, beinir hvatar til samvinnu opinberra mennta- og rannsóknastofnana við iðnað í landinu, einföldun stofnana- og háskólakerfis, kynningarátak á námi í verk- og iðngreinum og að sérfræðingum úr fyrirtækjum verði gert kleift að taka þátt í kennslu og leiðsögn á öllum skólastigum.“

12 Evrópusambandið, 2011: A Global Vision for Vocational Education and Training in 2020.

13 Stöðuskýrsla 20/20 Sóknaráætlunar.

14 Stöðuskýrsla 20/20 Sóknaráætlunar 2011: 9.

15 Forsætisráðuneytið, 2012: Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi: 8.

2.4.2. Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011

Hér að neðan er fjallað um mismunandi námslok á framhaldsskólastigi skv. aðalnámskrá 2011 en um er að ræða framhaldsskólapróf, próf til starfsréttinda, starfsnám, stúdentspróf, önnur lokapróf og viðbótarnám við framhaldsskóla.

Síða | 14

2.4.2.1. Framhaldsskólapróf

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 er framhaldsskólaprófi *ætlað að koma til móts við þá áherslu að nemendur njóti fræðsluskyldu til 18 ára aldurs og að framhaldsskólarnir bjóði upp á menntun sem henti þörfum hvers og eins. Einnig er því ætlað að koma til móts við þarfir nemenda sem ekki hyggja á önnur námslok.* Nám til framhaldsskólaprófs skal vera 90 – 120 einingar. Námið getur verið skilgreint á fyrsta eða öðru hæfniprepi og ræðst það af kröfum um þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Viðfangsefni námsins getur ýmist verið starfsnám, listnám eða bóknám. Náminu lýkur með útgáfu prófskírteinis¹⁶.

2.4.2.2. Próf til starfsréttinda

Próf til starfsréttinda er *skilgreint sem námslok af námsbraut sem veitir löggilt starfsréttindi eða veitir nemendum heimild til að þreyta sveinspróf í löggilttri iðngrein.* Próf til starfsréttinda skal vera 30 - 240 einingar og getur það verið skilgreint á hæfniprepi tvö, þrjú eða fjögur. Fjöldi eininga fer eftir hæfniprepi. Ennfremur skulu hæfniviðmið námsins taka mið af kröfum ráðuneytisins um lykilhæfni og skilgreiningar viðkomandi starfsgreinaráða á hæfnikröfur starfa. Auk þessa gilda ákveðnar reglur um uppbyggingu námsbrauta. Prófum til starfsréttinda lýkur með útgáfu prófskírteinis frá framhaldsskóla og leyfisbréfi frá fagráðuneyti.¹⁷

2.4.2.3. Starfsnám

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 er starfsnám skilgreint sem nám sem fer annars vegar fram í verklegu sérnámi undir leiðsögn kennara og hins vegar þjálfun á vinnustað. Hugtakið starfsnám er ýmist notað yfir vinnustaðanám eða starfsþjálfun. Alla jafna eru gerðar meiri kröfur um markvissa, skipulagða fræðslu, leiðsögn og eftirlit í vinnustaðanámi en í starfsþjálfun. Í starfsþjálfun er meiri áhersla lögð á þjálfun verkþátta

¹⁶ Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: 47.

¹⁷ Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: 48.

og verkferla. Í báðum tilvikum skal þó gerður samningur í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.¹⁸

2.4.2.4. Stúdentspróf

Síða | 15

Stúdentspróf miðar að því að undirbúa nemendur undir háskólanám hérlandis og erlendis. Námið tryggir þó ekki sjálfkrafa aðgang að öllu námi á háskólastigi. Háskólar eða deildir þeirra geta sett sérkröfur s.s. námskeið eða inngöngupróf.¹⁹ Nám til stúdentsprófs skal vera að lágmarki 200 einingar og skilgreint á hæfniprepi þrjú. Námið getur falið í sér bóknám, listnám eða starfsnám. Ennfremur skulu hæfniviðmið taka mið af kröfum ráðuneytis og hæfnikröfum fræðasviða háskólastigs. Sérstakar reglur gilda um nám til stúdentsprófs ásamt ákvæðum um lágmarkseiningafjölda. Stúdentsprófi lýkur með útgáfu prófskírteinis.²⁰

2.4.2.5. Önnur lokapróf

Ef námslok fela ekki í sér stúdentspróf, framhaldsskólapróf eða próf til starfsréttinda flokkast þau sem önnur lokapróf. Nám til annarra lokaprófa skal vera 30 - 240 einingar og skilgreint á hæfniprepi eitt til þrjú. Fjöldi eininga ræðst af hæfniprepi. Námið getur falið í sér starfsnám, listnám, bóknám eða almennt nám. Hæfnikröfur náms skulu taka mið af, eftir því sem við á, kröfum ráðuneytisins, hæfnikröfum starfa eða fræðasviðs háskólastigs. Ef hæfniviðmið námsins stuðla ekki að frekara námi eða undirbúningi fyrir skilgreind störf er hægt að leita til ráðuneytisins varðandi hæfnikröfur.²¹

2.4.2.6. Viðbótarnám við framhaldsskóla

Viðbótarnám við framhaldsskóla felur í sér námslok af námsbraut framhaldsskóla sem framhald af námslokum á þriðja hæfniprepi. Námið er metið til framhaldsskólaeininga en skólar á háskólastigi geta ákveðið að meta námið sem ECTS- einingar. Mat á einingum er þó á forræði hvers háskóla. Námið beinist að aukinni faglegri sérhæfingu, stjórnun og þróun á starfsvettvangi. Ef námið felur í sér löggilt starfsréttindi ber að fylgja viðeigandi hæfnikröfum.²²

18 Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: 40.

19 Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: 48.

20 Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: 48.

21 Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: 49.

22 Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: 49.

2.4.2.6.1. Flutninga- og vörustjórnun í Opna háskólanum

Á skólaárinu 2012 - 2013 býður *Opni háskólinn* í þriðja sinn upp á nám í flutninga- og vörustjórnun. Námið er einkum ætlað þeim sem starfa eða hafa áhuga á að starfa við hvert það starf sem tengist flutningagreininni ásamt því að stunda nám samhliða vinnu.

Síða | 16

Tafla 4 sýnir markmið og skipulag námsins.²³

Tafla 4. Markmið og skipulag náms í flutninga- og vörustjórnun við Háskólann í Reykjavík.

Flutninga og vörustjórnun	
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> Kynna hagnýtar og fræðilegar aðferðir sem notaðar eru í flutningagreininni Að dýpka skilning nemenda og efla þekkingu á sviði flutninga, innkaupa og dreifingar með áherslu á umbætur í rekstri með aðferðum rekstrarstjórnunar
Skipulag	<ul style="list-style-type: none"> Nám samhliða vinnu Sex námskeið sem kennd eru í sex vikna lotum Námstími er eitt ár Ekki metið til ECTS eininga
Inntökuskilyrði	<ul style="list-style-type: none"> Stúdentspróf, sambærileg menntun og/eða haldbær reynsla af vinnumarkaði Lágmarksaldur nemenda 25 ár
Námskeið	<ul style="list-style-type: none"> Flutningastjórnun Markaðsfræði Rekstrarstjórnun Vörustjórnun Þjónustustjórnun Lokaverkefni

Starfsmenn þriggja af þeim fimm fyrirtækjum sem skoðuð voru í greiningunni hafa lokið námi Háskólans í Reykjavík og var það almenn skoðun stjórnenda þessara fyrirtækja að námið hefði gagnast vel.

2.4.3. Brottfall úr námi

Til eru ýmsar skilgreiningar á brottfalli úr námi og verða tölur um brottfall því mismunandi eftir því hvaða skilgreining er notuð. Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið skilgreina brottfall sem *nemendur í framhaldsskólum ákveðið skólaár sem skrá sig ekki í skóla ári síðar og hafa ekki útskrifast í millitíðinni*. Miðað við þá skilgreiningu var brottfall nemenda 19,3% á milli áranna 2002 og 2003 í íslenskum

²³ Háskólinn í Reykjavík. 2012. Flutninga- og vörustjórnun í Opna Háskólanum.

framhaldsskólum.²⁴ Ekki liggja fyrir nýrri sambærilegar tölur. Hagstofa Íslands hefur tekið saman tölur um stöðu nýnema í dagskóla á framhaldsskólastigi árið 2002, fjórum, sex og sjö árum eftir innritun, sjá töflu 5.²⁵

Síða | 17

Tafla 5. Staða nýnema í dagskóla árið 2002, fjórum, sex og sjö árum eftir innritun.

Fjöldi ára frá innritun	4 ár	6 ár	7 ár
Brautskráðir	45%	58%	61%
Enn í námi	26%	13%	11%
Brottfallnir	29%	29%	28%
Alls	100%	100%	100%

Í bókinni *Frá skóla til atvinnulífs* er greint frá niðurstöðum samanburðar á brottfalli úr framhaldsskólum annars vegar á Íslandi og hins vegar á Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum. Niðurstöður gefa til kynna að brottfall á Íslandi sé meira en í samanburðarlöndunum en einkenni brottfallsnemenda og ástæður brottfalls séu sambærilegar milli landa.²⁶

2.4.4. Viðhorf framhaldsskólans

Skólarnir sem haft var samband við í greiningunni eru Tækniskólinn, Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) og Borgarholtsskóli. Allir bjóða skólarnir fjölbreytt nám og fjölmargar námsleiðir. Tækniskólinn menntar t.d. flugmenn, vélstjóra, farmenn, stýrimenn og skipstjóra ásamt því að sinna ýmiss konar þjónustu við Ícelandair. VMA býður m.a. upp á nám í viðhaldi og stjórnun flutningatækja, bifvélaþjónu, málmsmíðum og vélstjórn auk verslunar- og viðskiptagreina. Borgarholtsskóli er m.a. með bílgreinar og málmgreinar, viðskiptabraut og hagfræðibraut. Mjög jákvætt viðhorf kom fram hjá skólameisturum og samstarfsmönnum þeirra, sem rætt var við, um nám í flutningafræðum á framhaldsskólastigi. Skólarnir væru tilbúnir í e.k. tilraun með slíkt nám í samstarfi við atvinnulífið. Talið var jákvætt fyrir skólana að geta boðið upp á fleiri möguleika í verk- og starfsnámi en að uppfylltum ákveðnum skilyrðum:

- Fyrirtækin þurfa að vera tilbúin til þess að ráða fólk með viðkomandi menntun og sjá til þess að það njóti þess í launum.
- Störf í flutningageiranum og starfsþróunarmöguleika þar þarf að kynna betur fyrir nemendum, bæði í grunnskóla og framhaldsskóla.

²⁴ Hagstofa Íslands: Hagtíðindi 2004.

²⁵ Hagstofa Íslands. 2011. Brautskráningarhlutfall og brottfall af framhaldsskólastigi.

²⁶ Gerður G. Óskarsdóttir, 2000: *Frá skóla til atvinnulífs*: 59.

- Ef af námi í flutningafræðum á framhaldsskólastigi verður þarf að kynna það sérstaklega vel.
- Gott samstarf milli skóla og atvinnulífs er mikilvægt og að atvinnulífið sé tilbúið að taka nemendur í starfsnám. Námið verði bæði í skóla og á vinnustað og skólinn haldi utan um námið.
- Rekstrargrundvöllur yrði að vera fyrir náminu, þ.e. að nógu margir sækji það.

Fram kom að umtalsverður fjöldi nemenda sem kemur í skólana virðist ekki finna nám við hæfi eða að skólarnir bjóða ekki upp á nám sem þeir ráða við. „Allar breytingar sem miða að því að auka framboð á námi til starfa geta hugsanlega aukið möguleika þessara nemenda og annarra á að ljúka einhverju skilgreindu námi.” Það viðhorf kom fram hjá öllum skólunum að styttra nám gæti hjálpað fólki í brottfallsvanda en brottfall í umræddum skólum hefur á sl. árum verið í kringum 10%. Mikilvægt væri að námið yrði á nokkrum hæfniprepum og hægt væri að útskrifast af þeim öllum. Námið gæti verið leið fyrir fólki, sem er ekki mjög sterkt námslega, til að ljúka stuttu, formlegu námi á fyrri hæfniprepum aðalnámskrár. Það yrði þannig eftirsóttari starfskraftur á vinnumarkaði. Þá væri mjög mikilvægt að námið gæti leitt til frekara náms og hægt væri að byggja það þannig upp á þriðja og fjórða þrep og að það gæti t.d. endað með stúdentsprófi. Einnig mætti hugsa sér að hægt væri að byrja á bóklegum brautum en sérhæfa sig þegar lengra væri komið og halda sérhæfingunni áfram upp á háskólastig.

Fram kom hjá skólunum og í viðtölum og rýnihópum í fyrirtækjunum að margir, sem vinna störf í flutningsgeiranum, þar sem ekki er krafist sérstakrar menntunar eru brottfallsnemendur úr framhaldsskóla sem hafa ekki lokið námi með skilgreindum hætti. Fram kom það viðhorf að margir nemendur í framhaldsskóla „hrökklast út vegna stærðfræðinnar, vegna þess að hún er kennd sem þúra bóknámsgrein.”

Hugsanlega væri hægt að koma inn í slíkt nám með mismunandi undirbúning úr atvinnulífinu með e.k. raunfærnimati. Aðspurðir hvort slíkt nám yrði eftirsóknarvert fyrir ungt fólk höfðu margir, sem rætt var við í framhaldsskólanum, efasemdir um að námið höfðaði til 16 ára unglinga. Ekki væri víst að margir sæktu um slíkt nám því að störf í flutningageiranum væru ekki mjög vel kynnt. „Flestir sem fara inn í þessa grein fara þarna inn fyrir tilviljun.” Þá væri mikil trú á bóknámi í samfélaginu. Námið gæti eflaust höfðað meira til þeirra sem hefðu fallið út úr framhaldsskóla og hefðu e.t.v. tekið þátt í

atvinnulífinu í nokkur ár eða þeirra sem hefðu ekki fundið nám við sitt hæfi í skólanum. En einnig kom fram það sjónarmið að margir horfi til þess að starfa við flutninga eða akstur, lagerhald, verslun eða verktakastarfsemi með námi og/eða til framtíðar.

3. HÆFNI OG HÆFNIKRÖFUR

3.1. HÆFNIÐREP

3.1.1. Grunnþættir og lykilhæfni

Síða | 20

Í aðalnámskrá framhaldsskóla árið 2011 eru settir fram sex grunnþættir ásamt lykilhæfni sem nær til nýu sviða. Mynd 1 sýnir tengsl grunnþátta og lykilhæfni.²⁷



Mynd 1. Tengsl grunnþátta og lykilhæfni.

3.1.2. Hæfniprep

Námslok námsbrauta í framhaldsskóla geta raðast á fjögur hæfniprep skv. aðalnámskrá. Þrepin mynda ramma um mismunandi kröfur um hæfni nemenda að loknu námi. Þeim er einnig ætlað að vera upplýsandi fyrir nemendur, atvinnulíf og næsta skólastig. Í lýsingu á þrepunum er „annars vegar lögð áhersla á lykilhæfni og grunnþætti en hins vegar á aukna sérþekkingu í námi.“²⁸ Tafla 6 lýsir hæfniprepunum fjórum.

Tafla 6. Hæfniprep námsbrauta framhaldsskóla skv. aðalnámskrá framhaldsskóla.

Hæfniprep	Lykilhæfni	Undirbúningur	Einingar	Námslok
Fyrsta þrep	Nemandi ber virðingu fyrir öðru fólki, lífsgildum þess og mannréttindum	Almennur undirbúningur fyrir störf sem ekki krefjast mikillar sérhæfingar og eru unnin undir stjórn/eftirliti annarra	Að jafnaði 30 - 120 ein (1-4 annir)	Framhaldsskólapróf eða önnur lokapróf

²⁷ Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: 32.

²⁸ Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: 41.

Hæfniprep	Lykilhæfni	Undirbúningur	Einingar	Námslok
Annað þrep	Almenn hæfni til að vera virkur og ábyrgur þjóðfélagsþegn	Stutt sérhæfing sem miðar að faglegum undirbúningi fyrir frekara nám eða störf. Nemendur geti sýnt sjálfstæði og ábyrgð innan ákveðins ramma eða undir leiðsögn.	Að jafnaði 90 - 120 ein (3-4 annir)	Próf til starfsréttinda, framhaldsskólapróf eða önnur lokapróf
Þriðja þrep	Þekking, leikni og hæfni tengd sérhæfingu og fagmennsku	Undirbúningur fyrir háskólanám, lögvarin störf, sérhæft starfsnám og listnám	Að jafnaði 150 - 240 ein (5-8 annir)	Stúdentspróf, próf til starfsréttinda og önnur lokapróf
Fjórða þrep	Aukin sérhæfing og/eða útvíkkun sérhæfingar	Undirbúningur fyrir ýmiss konar sérhæfingu, s.s. stjórnun, leiðsögn, þróun og nýsköpun	Að jafnaði 30 - 120 ein (1-4 annir) skipulagðar í framhaldi af námslokum á þriðja þrepi	Viðbótarnám við framhaldsskóla

3.2. HÆFNI STARFSMANNA FLUTNINGAFYRIRTÆKJA

3.2.1. Núverandi hæfni starfsmanna flutningafyrirtækja

Árið 2010 var gerð greining á hæfni starfsmanna í íslenskum þjónustufyrirtækjum.²⁹ Þar var þátttakendum í greiningunni, stjórnendum og starfsmönnum, gert að velja úr 20 hæfnipáttum sem skilgreindir voru í flutningastarfsemi. Fram kemur í heildarmati, þ.e. mati yfirmanna og sjálfsmati starfsmanna, á hæfnipáttum í flutningafyrirtækjum að enginn hæfnipáttur er metinn á styrkleikabili (vísbending um að hlutir séu í góðu lagi) í flutningafyrirtækjum. Eftirtaldir þættir mælast á starfhæfu bili (vísbending um að hlutir séu í lagi en ekki hægt að flokka sem styrkleika): Að fylgja fyrirmælum og verklagsreglum, álags- og streituból, samvinna, tengslamyndun, siðferði og gildi, forysta og stjórnun, beiting á sérfræðikunnáttu, skipulag og áætlanir, skipulag og stjórnun og að mæta væntingum og þörfum viðskiptavina.

²⁹ Emil B. Karlsson, Björn Garðarsson og Vilmar Pétursson, 2010: Greining á hæfni starfsmanna í íslenskum þjónustufyrirtækjum.

Fram kemur að í hæfnipættinum „beiting sérfræðikunnáttu” telja starfsmennirnir sig ekki hafa eins mikla hæfni og yfirmenn þeirra telja. Höfundar skýrslunnar segja niðurstöðuna vera þá „að aðgerða sé þörf til að starfsmenn nái að beita sérfræðikunnáttu sinni.”³⁰ Þeir benda einnig á að styrkja þurfi sjálfsöryggi starfsmanna svo að þeir geti betur tekist á við streitu og álag og draga þá ályktun að hæfni til samstarfs og tengslamyndunar sé mikilvæg hæfni til þess að eiga möguleika á framgangi innan flutningafyrirtækja. Þeir benda einnig á að viðhorf til samfélagslegrar ábyrgðar flutningafyrirtækja, m.a. aðgerðir til að minnka umhverfisáhrif, þurfi að styrkja. Þá er hæfnipættinum forystu og stjórnun ábótavant, svo og að starfsmenn setji sér skýr og skilgreind markmið og skipuleggi tíma sinn vel. Þá telja yfirmenn í flutningafyrirtækjum að verulega skorti á hæfnipáttinn „ákvarðanataka og frumkvæði.” Samkvæmt greiningunni er aðgerða einnig þörf í að bæta hæfni til að mæta þörfum og væntingum viðskiptavina.

Sá hæfnipáttur sem skv. mati yfirmanna og starfsmanna er á svonefndu aðgerðabili (er vísbending um að óbreytt ástand geti haft neikvæð áhrif á árangur) er frumkvöðlastarf og viðskiptahugsun. Yfirmenn segja helsta veikleikann á þessu sviði vera þann að starfsmenn sýni ekki skilning á fjármálum.

Á fundum með stjórnendum og starfsmönnum flutningafyrirtækja kom fram að öll fyrirtækin sinna öflugri þjálfun starfsmanna sinna og byggja upp bæði almenna og sértæka hæfni þeirra. Þar má nefna fræðslu um starfsemina sjálfa en einnig þjálfun sem byggir upp samskiptahæfni og sjálfstraust. Þá hefur verið nokkuð um að starfsmenn hafi bætt við menntun sína og þekkingu með því að sækja nám með vinnu. Um er að ræða iðnnám, nám til stúdentsprófs, flutningaskóla fyrirtækjanna og diplómanám í flutningafræðum. Að sögn stjórnendanna sjá starfsmenn sér hag í þessu, bæði til að „koma sér upp úr hjólfarinu”, bæta starfshæfni sína eða sjá tækifæri til frekari menntunar. Almennt voru stjórnendur á því að slíkt nám yki sjálfstraust og víðsýni, fólk „færi út fyrir þægindarammann” og styrktist í starfi.

3.2.2. Æskileg hæfni starfsmanna flutningafyrirtækja

Í viðhengi I er gerð grein fyrir hæfnikröfum starfa í íslenskum flutningafyrirtækjum eins og þau eru skilgreind í þessari greiningu. Greiningin byggir á ýmsum gögnum, s.s. starfs-

30 Greining á hæfni starfsmanna í íslenskum þjónustufyrirtækjum: 17.

og hæfnilýsingum, greiningu á hæfni starfsmanna í íslenskum þjónustufyrirtækjum og námskrá fyrir vöruflutningaskólann (sjá heimildaskrá), fundum með starfsgreinaráði samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina, fundum og rýnihópum með starfsmönnum og stjórnendum í fimm íslenskum flutningafyrirtækjum, viðtölum við skólameistara og samstarfsmenn þeirra í þremur framhaldsskólum og fundum með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis.

4. NIÐURSTÖÐUR

Helstu niðurstöður greiningarinnar eru eftirfarandi:

Síða | 24

- Starfsmenn í atvinnugreininni *samgöngur og flutningar*³¹ árið 2011 voru 11.300 eða 6.8% af starfsmönnum á vinnumarkaði. Þar af voru 7600 karlar eða 67,25% af starfsmönnum í atvinnugreininni.³²
- Mikilvægi starfa í flutningum fyrir lífsskilyrði og efnahag þjóðarinnar og sú staðreynd að starfsemin er að stórum hluta alþjóðleg er ekki nægilega vel kynnt hér á landi.
- Tækifæri innan greinarinnar virðast af margvíslegum toga, s.s. frekari rafræn þróun og tækninýjungar í flutningum sem leiðir m.a. til þess að gera þarf aðrar kröfur til starfsfólks. Tækifæri liggja einnig í auknum farþegaflutningum í ferðabjónustu og umferð skipa um Norður- Atlantshaf.
- Nám í flutningafræðum á framhaldsskólastigi gæti gagnast fyrirtækjum í greininni á margan hátt verði rétt að því staðið og samstarf skóla og atvinnulífs gott. Atvinnuhæfni umsækjenda myndi batna og hæfni aukast. Virði starfanna og virðing fyrir þeim gæti einnig aukist.
- Það viðhorf kom fram hjá sumum stjórnendum fyrirtækjanna að þeir vildu í mörgum tilfellum sjálfir sjá um að þjálfar og fræða sitt starfsfólk en skólakerfið ætti að sjá um almennu menntunina þannig að starfsmenn kæmu til starfa með góða almenna menntun, s.s. tölvu og tungumálakunnáttu, og gott sjálfstraust.
- Störf í flutningsgeiranum og starfsþróunarmöguleika þar þarf að kynna betur fyrir nemendum, bæði í grunnskóla og framhaldsskóla.
- Fyrirtækin, sem haft var samband við, lýstu sig reiðubúin til að taka við nemendum í námi í flutningafræðum í starfsnám.
- Evrópusambandið hefur sett fram hnattræna sýn fyrir verknám og þjálfun (*e. Vocational education and training*) til ársins 2020. Þá eigi verknám og þjálfun að vera meira aðlaðandi, viðeigandi, starfsmiðuð, frumleg, aðgengileg og sveigjanleg.
- Markmið sóknaráætlunar ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur 20/20 er að „hlutfall Íslendinga á aldrinum 20 - 66 ára sem ekki hafa hlotið formlega

31 Frekari flokkun innan greinarinnar ekki aðgengileg hjá Hagstofu Íslands.

32 Hagstofa Íslands: Starfandi eftir atvinnugreinum, kyni og búsetu 2008-2011, ÍSAT2008.

framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020.”³³ Fjölga þurfi iðn- og tæknimenntuðu fólki á Íslandi og gera verknám að raunverulegum valkosti í skólakerfinu.

Síða | 25

- Unnið er að mótun atvinnustefnu á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og þar lagt til að samstarf stjórnvalda, atvinnulífs og annarra úr þekkingarsamfélaginu verði markvissara.
- Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 býður upp á fjölbreyttari leiðir í námi og námslokum en áður hefur verið.
- Nám í flutningafræðum á framhaldsskólastigi gæti fjölgað möguleikum fyrir þá sem fallið hafa úr námi, þá sem ekki hafa fundið nám við hæfi í framhaldsskólum og þá sem hafa unnið í greininni en ekki lokið neinu formlegu námi.
- Mjög mikilvægt er að námið geti leitt til frekara náms og að það verði á nokkrum hæfniprepum.
- Námið þyrfti að kynna sérstaklega vel og rekstrargrundvöllur að vera fyrir því.
- Gott samstarf milli skóla og atvinnulífs um slíkt nám er nauðsynlegt. Námið verði bæði í skóla og á vinnustað.
- Fyrirtækin þurfa að vera tilbúin til þess að ráða fólk með viðkomandi menntun og sjá til þess að það njóti þess í launum.
- Fyrirtækin gætu einnig kosið að skipuleggja slíkt nám innanhúss út frá hæfniviðmiðum.
- Skýr hæfniviðmið auðvelda skipulag námsins.

33 Stöðuskýrsla 20/20 sóknaráætlunar.

HEIMILDIR

Síða | 26

- Evrópusambandið. 2011. *A Global Vision for Vocational Education and Training in 2020*. Sótt 10. desember 2012 af http://ec.europa.eu/education/vocational-education/doc/bruges_en.pdf
- Emil B. Karlsson, Björn Garðarsson og Vilmar Pétursson. 2010. *Greining á hæfni starfsmanna í íslenskum þjónustufyrirtækjum*. Sótt 10. desember 2012 af http://www.rsv.is/Files/Skra_0041127.pdf
- Forsætisráðuneytið. 2012. *Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi*. Sótt 10. desember 2012 af <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Menntahopur-tilloguskjal-121112.pdf>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. *Raunfærni og raunfærnimat*. Sótt 10. desember af heimasíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, http://www.frae.is/files/%7BCBEFD033-AB8D-4192-9DA8-77E9A4372100%7D_Baeklingur.pdf
- Gerður G. Óskarsdóttir. 2000. *Frá skóla til atvinnulífs*. Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Háskólaútgáfan
- Hagstofa Íslands. e.d. *Fjöldi fyrirtækja og félaga eftir atvinnugreinum 2008 – 2011*. Sótt 10. desember 2012 af heimasíðu Hagstofu Íslands, <http://www.hagstofa.is/temp/Dialog/varval.asp?ma=FYR01001&ti=Fj%F6ldi+fyrirt%E6kja+og+f%E9laga+eftir+atvinnugreinum+2008-2011&path=../Database/fyrirtaeki/fjoldi/&lang=3&units=Fj%F6ldi>
- Hagstofa Íslands. e.d. *ÍSAT 95*. Sótt 10. desember 2012 af heimasíðu Hagstofu Íslands, <http://www.hagstofa.is/Pages/1009>
- Hagstofa Íslands. e.d. *Laun fullvinnandi launamanna á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt og kyni 1998-2011*. Sótt 10. desember 2012 af heimasíðu Hagstofu Íslands, <http://www.hagstofa.is/?PageID=2594&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN02010%26ti=Lau+n+fullvinnandi+launamanna+%E1+almennum+vinnumarkaði+eftir+starfsst%26tt+og+kyn+i+1998%2D2011+%26path=../Database/vinnumarkadur/fulllaun/%26lang=3%26units=%DE%FAsundir%20kr%F3na>
- Hagstofa Íslands. e.d. *Starfandi eftir atvinnugreinum, kyni og búsetu 2008 – 2011 (ÍSAT 2008)*. Sótt 10. desember 2012 af heimasíðu Hagstofu Íslands, [http://www.hagstofa.is/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN01103&ti=Starfandi%20eftir%20atvinnugreinum,%20kyni%20og%20b%FAsetu%202008-2011,%20%20CDSAT2008%20\(NACE%20REV%202.\)%20%20%20&path=../Database/vinnumarkadur/rannsoknir/&lang=3&units=Fj%F6ldi](http://www.hagstofa.is/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN01103&ti=Starfandi%20eftir%20atvinnugreinum,%20kyni%20og%20b%FAsetu%202008-2011,%20%20CDSAT2008%20(NACE%20REV%202.)%20%20%20&path=../Database/vinnumarkadur/rannsoknir/&lang=3&units=Fj%F6ldi)
- Hagstofa Íslands. 2011. *Brautskráningarhlutfall og brottfall af framhaldsskólastigi*. Sótt 10. desember 2012 af <http://hagstofan.is/Page/95?NewsID=5981>
- Hagstofa Íslands. 2004. *Hagtíðindi: Brottfall nemenda úr framhaldsskóla 2002 – 2003*. Sótt 10.

desember 2012 af <https://hagstofa.is/?PageID=421&itemid=81472b92-1f51-4a60-912a-bdff94132d4>

Háskólinn í Reykjavík. 2012. *Flutninga- og vörustjórnun í Opna Háskólanum*. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.

Síða | 27 Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Mail Services. National Occupational Standards. Sótt 10. desember 2012 af www.skillsforlogistics.org

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. e.d. *Úttektir á starfsemi framhaldsskóla*. Sótt af heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 2011. *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011*. Sótt af heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Sjávarklasinn. e.d. *Starfsvettvangur fjölmargra fyrirtækja*. Sótt 10. desember 2012 af <http://www.sjavarklasinn.is/um-sjavarklasan/samstarfsadilar/>

Sjávarklasinn. 2012. *Skoðun Sjávarklasans 23. október 2012*. Sótt 10. desember 2012 af <http://www.sjavarklasinn.is/wp-content/uploads/2012/08/Skoðun-Sjavarklasans-23.10.12.pdf>

Skills for Logistics. National Occupational Standards. Sótt 10. desember 2012 af www.skillsforlogistics.org

Stöðuskýrsla 20/20, Sóknaráætlun 2011. Sótt 10. desember 2012 af <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/2020/Soknaraaetlun2020Lokaskýrsla.pdf>

Vöruflutningaskólinn. Námskrá. Sótt 10. nóvember 2012 af <http://www.frae.is/namsskrar/voruflutningaskolinn/>

VIÐAUKI I – HÆFNIKRÖFUR STARFA Í ÍSLENSKUM FLUTNINGAFYRIRTÆKJUM

VÖRUHÚSAÞJÓNUSTA OG HAFNARSTARFSMENN

Síða | 28

Starfslýsing

Starfsmenn í vöruhúsaþjónustu vinna í flutningafyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum sem hafa vöruhús. Þeir annast losun gáma/fleta, taka á móti vörum, halda utan um vörubirgðir, umstafla á brettum, fylgja eftir og skrá vantanir á vöru og afgreiða vöru til viðskiptavina. Þeir vinna með öðrum starfsmönnum fyrirtækisins við að veita innri og ytri viðskiptavinum góða þjónustu og framfylgja verklagsreglum og gæðastöðlum fyrirtækisins.

Starfsmenn á hafnarsvæðum vinna í fyrirtækjum sem sinna flutningum á sjó. Þeir sjá um lestun og losun skipa, daglega afgreiðslu gáma, m.a. beiðnir í tölvutæku formi, tiltektir á gámavelli og þrif og eftirlit með þeim tækjum sem þeir vinna á. Þeir vinna með öðrum starfsmönnum fyrirtækisins við að veita innri og ytri viðskiptavinum góða þjónustu.

Hæfnikröfur

Starfsmaður í vöruhúsi og starfsmaður á hafnarsvæði

Almenn hæfni

- býr yfir þekkingu sem tengist íslensku umhverfi í alþjóðlegu samhengi
- býr yfir þekkingu sem tengist því að vera ábyrgur borgari og þátttakandi í atvinnulífinu
- býr yfir samskiptafærni til að geta átt samskipti og myndað tengsl við ólíka einstaklinga með ólíkar þarfir
- býr yfir góðu tölvulæsi, getur leitað upplýsinga og þekkingar á gagnrýnninn og skapandi hátt, notað ritvinnsluforrit, töflureikna og tölvupóst
- er fær um að umgangast umhverfi sitt með sjálfbærni í huga
- er fær um að tileinka sér nýjungar og finna lausnir
- er fær um að skipuleggja vinnu sína
- er vel læs býr og yfir orðaforða til að geta tjáð sig á einfaldan hátt á íslensku og ensku
- er meðvitaður um mikilvægi þess að auka og viðhalda hæfni sinni

Starfs- og vinnustaðahæfni

- hefur góðan skilning á verklagsreglum og er fær um að fylgja þeim
- er fær um að fylgja fyrirmælum
- er fær um að lesa úr fylgibréfum og öðrum pappírnum sem fylgja vörum
- þekkir til mismunandi gerða gáma, m.t.t. til stærðar og sérhæfingar
- getur reiknað út rúmmál gáma og viktað og rúmtaksmælt vöru
- er fær um að afferma gáma og raða á bretti skv. verklagsreglum fyrirtækis
- er fær um að hlaða gáma um borð í skip skv. verklagsreglum fyrirtækis
- þekkir og kann að nota sérhæfð forrit og kerfi í vöruhúsum og á hafnarsvæðum
- býr yfir orðaforða á íslensku og ensku til að geta tjáð sig um flutninga og þjónustu
- þekkir eðli þjónustu og þjónustuviðmið fyrirtækis og fer eftir þeim

- mætir væntingum og þörfum viðskiptavina, er fær um að gefa viðeigandi upplýsingar eða vísa á réttan aðila
- er fær um að aka þeim tækjum sem notuð eru s.s. lyfturum, gámabílum eða krönum og hefur til þess tilskilin réttindi
- býr yfir þekkingu á vélbúnaði farartækja sem notuð eru og getur greint minniháttar bilanir
- þekkir keðju flutninga frá því að vara er afhent til flutnings og þar til hún er komin í hendur viðtakanda
- þekkir verklagsreglur um pantanir og vörustjórnun
- þekkir viðmið fyrirtækis um meðhöndlun kvartana
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók og er fær um að gera viðvart til þar til greindra aðila ef um frávik er að ræða
- þekkir gildi og markmið fyrirtækis síns
- þekkir störf helstu samstarfsaðila innan fyrirtækis
- þekkir og er meðvitaður um vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað
- er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum
- vinnur eftir viðmiðum og ferlum um hættulegan varning (ADR/IMDG/GDR) og er fær um að gera viðvart til þar til greindra aðila ef um frávik er að ræða
- þekkir gildi og markmið fyrirtækis síns
- þekkir siðareglur, sýnir siðferðisvitund og gætir þagmælsku í störfum sínum
- er meðvitaður um að hagnýta sér vinnuvernd, bæði með hliðsjón af andlegum og líkamlegum kröfum sem starfið gerir

FARM- OG TOLLSKJALAVINNSLA

Starfslýsing

Starfsmenn í farm- og tollskjalavinnslu vinna í flutningafyrirtækjum, flutningsmiðlun og innflutnings- og útflutningsfyrirtækjum. Þeir sjá um gerð farmskjala og tollskjala. Þeir vinna með öðrum starfsmönnum fyrirtækisins við að veita innri og ytri viðskiptavinum góða þjónustu.

Hæfnikröfur

Starfsmaður í farm- og tollskjalavinnslu

Almenn hæfni

- býr yfir þekkingu sem tengist íslensku umhverfi í alþjóðlegu samhengi
- býr yfir þekkingu sem tengist því að vera ábyrgur borgari og þátttakandi í atvinnulífinu
- býr yfir samskiptafærni til að geta átt samskipti og myndað tengsl við ólíka einstaklinga með ólíkar þarfir
- býr yfir góðu tölvulæsi, getur leitað upplýsinga og þekkingar á gagnrýnninn og skapandi hátt, notað ritvinnsluforrit, töflureikna, kynningarforrit og tölvupóst
- er fær um að umgangast umhverfi sitt með sjálfbærni í huga
- er fær um að tileinka sér nýjungar og finna lausnir
- er fær um að skipuleggja vinnu sína
- er vel læs og býr yfir góðum orðaforða og þekkingu á íslensku og erlendum tungumálum
- hefur góða þekkingu í stærðfræði, er töluglökkur og hefur skilning á fjármálum
- er meðvitaður um mikilvægi þess að auka og viðhalda hæfni sinni

Starfs- og vinnustaðahæfni

- hefur góðan skilning á verklagsreglum og er fær um að fylgja þeim
- þekkir og kann að nota ýmis sérhæfð forrit og kerfi sem notuð eru við farm- og tollskjalavinnslu og þjónustu
- þekkir eðli þjónustu og þjónustuviðmið fyrirtækis
- hefur góða þekkingu á flutningsskilmálum og tollalögum og fer eftir þeim
- er fær um að fylla út og lesa úr farm- og tollskjölum skv. alþjóðlegum skilmálum, verklagsreglum fyrirtækis og töllyfirvalda
- mætir væntingum og þörfum viðskiptavina, er fær um að gefa viðeigandi upplýsingar eða vísa á réttan aðila
- þekkir keðju flutninga frá því að vara er afhent til flutnings og þar til hún er komin í hendur viðtakanda
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók og er fær um að gera viðvart til þar til greindra aðila ef um frávík er að ræða
- hefur skilning á kostnaðarstýringu
- þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum
- vinnur eftir viðmiðum og ferlum um hættulegan varning (ADR/IMDG/GDR) og er fær um að gera viðvart til þar til greindra aðila ef um frávík er að ræða
- þekkir siðareglur, sýnir siðferðisvitund og gætir þagmælsku í störfum sínum
- er vel læs og býr yfir góðum orðaforða á íslensku og ensku til að geta tjáð sig um flutninga og og þjónustu

- þekkir gildi og markmið fyrirtækis síns
- þekkir störf helstu samstarfsaðila innan fyrirtækis
- er meðvitaður um mikilvægi þess að auka og viðhalda hæfni sinni
- er meðvitaður um að hagnýta sér vinnuvernd, bæði með hliðsjón af andlegum og líkamlegum kröfum sem starfið gerir

ÞJÓNUSTUFULLTRÚAR

Starfslýsing

Þjónustufulltrúar vinna í flutningafyrirtækjum, flutningsmiðlun og innflutnings- og útflutningsfyrirtækjum. Þeir sjá um þjónustu við viðskiptavinum, t.d. að kynna þjónustuna, afgreiða viðskiptavinum, svara fyrirspurnum viðskiptavina, gera tilboð, bóka sendingar, innheimta gjöld o.fl. Þeir vinna með öðrum starfsmönnum fyrirtækisins við að veita innri og ytri viðskiptavinum góða þjónustu.

Hæfnikröfur

Þjónustufulltrúi

Almenn hæfni

- býr yfir þekkingu sem tengist íslensku umhverfi í alþjóðlegu samhengi
- býr yfir þekkingu sem tengist því að vera ábyrgur borgari og þátttakandi í atvinnulífinu
- býr yfir samskiptafærni til að geta átt samskipti og myndað tengsl við ólíka einstaklinga með ólíkar þarfir
- býr yfir góðu tölvulæsi, getur leitað upplýsinga og þekkingar á gagnrýnninn og skapandi hátt, notað ritvinnsluforrit, töflureikna, kynningarforrit og tölvupóst
- er fær um að umgangast umhverfi sitt með sjálfbærni í huga
- er fær um að tileinka sér nýjungar og finna lausnir
- er fær um að skipuleggja vinnu sína
- er vel læs og býr yfir góðum orðaforða og þekkingu á íslensku og erlendum tungumálum
- hefur góða þekkingu í stærðfræði, er töluglökkur og hefur skilning á fjármálum
- er meðvitaður um mikilvægi þess að auka og viðhalda hæfni sinni

Starfs- og vinnustaðahæfni

- hefur góðan skilning á verklagsreglum og er fær um að fylgja þeim
- þekkir og kann að nota ýmis sérhæfð forrit og kerfi sem notuð eru við þjónustu
- þekkir eðli þjónustu og þjónustuviðmið fyrirtækis
- hefur góða þekkingu á flutningsskilmálum og tollalögum og fer eftir þeim
- er fær um að fylla út og lesa úr alþjóðlegum skilmálum og verklagsreglum fyrirtækis
- þekkir vörur og þjónustuleiðir fyrirtækisins og kann skil á helstu þáttum sölumennsku
- mætir væntingum og þörfum viðskiptavina, er fær um að gefa viðeigandi upplýsingar eða vísa á réttan aðila
- þekkir keðju flutninga frá því að vara er afhent til flutnings og þar til hún er komin í hendur viðtakanda
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók og er fær um að gera viðvart til þar til greindra aðila ef um frávík er að ræða
- hefur skilning á kostnaðarstýringu
- þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum
- vinnur eftir viðmiðum og ferlum um hættulegan varning (ADR/IMDG/GDR) og er fær um að gera viðvart til þar til greindra aðila ef um frávík er að ræða

- þekkir siðareglur, sýnir siðferðisvitund og gætir þagmælsku í störfum sínum
- er vel læs og býr yfir góðum orðaforða á íslensku og ensku til að geta tjáð sig um flutninga og og þjónustu
- þekkir gildi og markmið fyrirtækis síns
- þekkir störf helstu samstarfsaðila innan fyrirtækis
- er meðvitaður um mikilvægi þess að auka og viðhalda hæfni sinni
- er meðvitaður um að hagnýta sér vinnuvernd, bæði með hliðsjón af andlegum og líkamlegum kröfum sem starfið gerir

PÓST- OG BLAÐBERAR

Starfslýsing

Póst- og blaðberar starfa í flutningafyrirtækjum sem sinna dreifingu á blöðum og pósti. Þeir flokka póst og blöð og koma til skila og leita leiða til að koma óskilapósti til skila. Þeir vinna með öðrum starfsmönnum fyrirtækisins við að veita innri og ytri viðskiptavinum góða þjónustu.

Hæfnikröfur

Póst- og blaðberi

Almenn hæfni

- býr yfir þekkingu sem tengist íslensku umhverfi í alþjóðlegu samhengi
- býr yfir þekkingu sem tengist því að vera ábyrgur borgari og þátttakandi í atvinnulífinu
- býr yfir samskiptafærni til að geta átt samskipti og myndað tengsl við ólíka einstaklinga með ólíkar þarfir
- býr yfir góðu tölvulæsi, getur leitað upplýsinga og þekkingar á gagnrýnninn og skapandi hátt, notað ritvinnsluforrit, töflureikna og tölvupóst
- er fær um að umgangast umhverfi sitt með sjálfbærni í huga
- er fær um að tileinka sér nýjungar og finna lausnir
- er fær um að skipuleggja vinnu sína
- er vel læs og býr yfir orðaforða til að geta tjáð sig á einfaldan hátt á íslensku og ensku
- er meðvitaður um mikilvægi þess að auka og viðhalda hæfni sinni

Starfs- og vinnustaðahæfni

- hefur góðan skilning á verklagsreglum og er fær um að fylgja þeim
- þekkir og kann að nota ýmis sérhæfð forrit og kerfi sem notuð eru í starfinu
- þekkir eðli þjónustu og þjónustuviðmið fyrirtækis og fer eftir þeim
- mætir væntingum og þörfum viðskiptavina, er fær um að gefa viðeigandi upplýsingar eða vísa á réttan aðila
- þekkir keðju flutninga frá því að vara er afhent til flutnings og þar til hún er komin í hendur viðtakanda
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók og er fær um að gera viðvart til þar til greindra aðila ef um frávík er að ræða
- þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum
- þekkir siðareglur, sýnir siðferðisvitund og gætir þagmælsku í störfum sínum
- býr yfir orðaforða á íslensku og ensku til að geta tjáð sig um póst- og blaðburð
- þekkir gildi og markmið fyrirtækis síns
- þekkir störf helstu samstarfsaðila innan fyrirtækis
- er meðvitaður um mikilvægi þess að auka og viðhalda hæfni sinni
- er meðvitaður um að hagnýta sér vinnuvernd, bæði með hliðsjón af andlegum og líkamlegum kröfum sem starfið gerir

BÍLSTJÓRAR

Starfslýsing

Bílstjórar starfa í flutningafyrirtækjum sem sinna flutningi á vörum og farþegum. Þeir aka með fólk og vörur, afhenda og taka á móti sendingum, afferma og ferma farartæki, innheimta gjöld, sjá um uppgjör og annast þrif og eftirlit á farartækjum. Bílstjórar eru ábyrgir gagnvart umferðarlögum og öðrum lögum og reglugerðum um öryggi. Þeir vinna með öðrum starfsmönnum fyrirtækisins við að veita innri og ytri viðskiptavinum þess góða þjónustu.

Hæfnikröfur

Bílstjóri

Almenn hæfni

- býr yfir þekkingu sem tengist íslensku umhverfi í alþjóðlegu samhengi
- býr yfir þekkingu sem tengist því að vera ábyrgur borgari og þátttakandi í atvinnulífinu
- býr yfir samskiptafærni til að geta átt samskipti og myndað tengsl við ólíka einstaklinga með ólíkar þarfir
- býr yfir góðu tölvulæsi, getur leitað upplýsinga og þekkingar á gagnrýnninn og skapandi hátt, notað ritvinnsluforrit, töflureikna og tölvupóst
- er fær um að umgangast umhverfi sitt með sjálfbærni í huga
- er fær um að tileinka sér nýjungar og finna lausnir
- er fær um að skipuleggja vinnu sína
- er vel læs og býr yfir orðaforða til að geta tjáð sig á einfaldan hátt á íslensku og ensku
- er meðvitaður um mikilvægi þess að auka og viðhalda hæfni sinni

Starfs- og vinnustaðahæfni

- hefur góða þekkingu á gatna – og vegakerfi
- hefur góðan skilning á verklagsreglum og er fær um að fylgja þeim
- þekkir afhendingarmáta mismunandi sendinga
- þekkir og kann að nota ýmis tæki sem notuð eru í starfinu
- er fær um að aka þeim farartækjum sem notuð eru og hefur til þess tilskilin réttindi
- er fær um að leita sér upplýsinga um færð á vegum og veðurfar
- býr yfir þekkingu á vélbúnaði farartækis og getur greint minniháttar bilanir
- þekkir eðli þjónustu og þjónustuviðmið fyrirtækis og fer eftir þeim
- mætir væntingum og þörfum viðskiptavina, er fær um að gefa viðeigandi upplýsingar eða vísa á réttan aðila
- þekkir keðju flutninga frá því að vara er afhent til flutnings og þar til hún er komin í hendur viðtakanda
- vinnur eftir viðmiðum og ferlum um hættulegan varning (ADR) og er fær um að gera viðvart til þar til greindra aðila ef um frávik er að ræða
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók og er fær um að gera viðvart til þar til greindra aðila ef um frávik er að ræða
- þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum

- þekkir siðareglur, sýnir siðferðisvitund og gætir þagmælsku í störfum sínum
- býr yfir orðaforða á íslensku og ensku til að geta tjáð sig um farþega- og vöruflutninga
- þekkir gildi og markmið fyrirtækis síns
- þekkir störf helstu samstarfsaðila innan fyrirtækis
- er meðvitaður um mikilvægi þess að auka og viðhalda hæfni sinni
- er meðvitaður um að hagnýta sér vinnuvernd, bæði með hliðsjón af andlegum og líkamlegum kröfum sem starfið gerir